



SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Yfirlit frá sendiráði Íslands í Brussel

Mars - apríl 2017

Upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar Alþingis á grundvelli 8. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála

Efst á baugi

- Síðasti fundur sameiginlegu EES-nefndarinnar var 17. mars sl. Á fundinum voru teknar upp 83 ESB-gerðir í EES-samninginn, m.a. mikilvægar reglur um lífræna framleiðslu. Á fundinum greindi fulltrúi Íslands frá aðgerðum stjórnvalda til losunar fjármagnshafta á einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði á Íslandi.
- Næsti fundur sameiginlegu EES-nefndarinnar verður 5. maí nk.
- Sameiginlega EES-nefndin hefur nýlega samþykkt nokkrar umsagnir EES-ríkjanna innan EFTA um tillögur að löggjöf og stefnumótun ESB (e. EEA EFTA Comments.) Umsagnirnar varða m.a.: Regluverk ESB um byggingavörur, úttekt á ákvæðum reglugerðar um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirliti í tengslum við markaðssetningu á vörum, umgjörð ESB um þjóðhagsvarúð (e. EU Macropurdenial Policy Framework) og löggjöf ESB er varðar siglingaöryggi og skilvirkni. Auk þess má nefna umsögn um löggjöf er varðar framkvæmds neytendaverndar og umsögn um heildsöluverð á reiki. Umagnirnar má finna [hér](#).
- Að frumkvæði íslenska sendiráðsins var haldin, 9.

Tilskipun um jafnt aðgengi borgara ESB að vörum og þjónustu

Ráðherraráð ESB og Evrópuþingið fjalla nú um [lagatillögu](#) sem hefur að markmiði að tryggja þeim sem búa við skerta líkamlega, andlega eða félagslega færni, t.d. fólki með hreyfihömlun, sjónskerðingu og heyrnarskerðingu, sama aðgengi og aðrir njóta að vörum og þjónustu á innri markaðnum (e. European Accessibility Act). Sérfræðingar EFTA-ríkjanna í EES-samstarfinu fylgjast með umræðunni innan ráðsins og Evrópuþingsins enda líklegt að tilskipunin falli undir gildissvið EES-samningsins.

Mat á reglugerð um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga

Framkvæmdastjórn ESB hefur hafið [mat](#) á framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2679/98 um [starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna](#). Reglugerðin hefur verið innleidd inn í EES-samninginn. Endurmatið er tvíþætt. Í fyrsta lagi verður farið yfir þær aðstæður sem skapa alvarlega truflun á frjálsu flæði vara innan ESB. Auk þess verður farið yfir hvernig stjórnvöld í aðildarríkjunum hafa beitt reglugerðinni. Þegar lengra líður verður einnig hafið opið samráðsferli.

Virðisaukaskattur fyrir rafræna verslun

ESB ræðir um þessa mundir tillögur um breytingar á virðisaukaskatti á rafræna útgáfu. Upphaflega [tillagan](#) var lögð fram í desember 2016 og felur í sér aðgerðir til að auðvelda viðskipti með slíkar vörur og stuðla að betra viðskiptaumhverfi með lækun álagningar virðisaukaskatts á slíkar vörur. Er m.a. gert ráð fyrir að virðisaukaskatturinn sé lagður á í því ríki þar sem kaupandinn býr en ekki í landi seljandans. Vonast er eftir að samkomulag náist fyrir lok júnímánaðar 2017.

Persónuvernd og viðskiptasamningar á netinu

Umboðsmaður ESB hefur nýlega gefið út [álit 4/2017](#) um tillögu að tilskipun sem varðar viðskiptasamninga um framboð á stafrænu efni. Í álitinu lýsir umboðsmaður yfir áhyggjum vegna ákvæðis tilskipunarinnar sem heimilar neytendum að greiða fyrir rafrænt efni með öðrum kosti en í formi peninga, til að mynda í formi persónuupplýsinga. Evrópska persónuverndarstofnunin tekur undir þessar áhyggjur og leggur áherslu á að grundvallarréttindi eins og verndun persónuupplýsinga eigi

mars sl., ráðstefna í Brussel í tengslum við alþjóðlegan baráttudag kvenna. Þorsteinn Víglundsson, félagsmála-ráðherra, kynnti íslenska jafnlaunastaðalinn og hvers vegna íslensk stjórnvöld ætla að lögfesta jafnlaunavottun. Yfirmaður skrifstofu mannréttindamála hjá framkvæmdastjórn ESB kynnti áform framkvæmdastjórnarinnar um nýja stefnu um samhæfingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Fram fóru jafnframt pallborðsumræður með þátttöku fulltrúa frá Samtökum evrópskra atvinnurekenda, Staðlaráði Íslands, Evrópska viðskiptaráðinu og Evrópu-samtaka fyrirtækja með opinbera eignaraðild.

Samráð um löggjöf ESB í mótun

Framkvæmdastjórn ESB heldur úti heimasíðu þar sem finna má á einum stað alla stefnumörkun í mótun og fyrirhugaða löggjöf þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið upp á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri (e. public consultations).

Þarna gefst kjörið tækifæri fyrir t.d. íslenskar stofnanir og ráðuneyti til að hafa áhrif á stefnumótun ESB.

Vefsíðuna má finna [hér](#) og eftirfarandi eru dæmi um opin samráðsferli.

Opið samráðsferli um FinTech (fjármálatækni): Tæknileg framtíð fjármálagerna og nýstárlegar hugmyndir um hvernig hægt er að gera fjármálaþjónustu samkeppnishæfari. Sjá nánar [hér](#).

Opið samráðsferli um evrópskar reglur um fjármálaeftirlit og

ekki að geta skaðast í þeim tilgangi að skapa betri markaðsaðstæður. Leggur umboðsmaður til að ESB beiti frekar [nýrri reglugerð sem](#) varðar almenna verndun gagna um tilvikin. [Evrópuþingið](#) hefur samþykkt tilskipunina en ráðið leggur til að frekari umræður eigi sér stað um tæknileg atriði ákvæðisins. Niðurstaðan gæti haft áhrif á starfsemi fyrirtækja sem framleiða smáforrit en mörg þeirra bjóða þjónustu sína frítt í skiptum fyrir öflun persónuupplýsinga. Upphaflegu tillöguna má finna [hér](#) og nánari upplýsingar um málið [hér](#).

Breytingar á löggjöf ESB um auðhringavarnir

Þann 22. mars sl. kynnti framkvæmdastjórn ESB [nýjar tillögur](#) sem fela í sér auknar heimildir fyrir samkeppnisfyrirvöld til að fylgjast með starfsemi auðhringja. Miðast löggjöfin við að öll landsyfyrirvöld innan innri markaðarins beiti sams konar aðgerðum og fylgi sömu löggjöf á sviði samkeppnisréttar og hafi þar með sömu viðurlagaheimildir þegar brot gegn löggjöfinni eru framin. Er m.a. lagt til að tryggja sjálfstæði þessara yfirvalda í störfum sínum, tryggja að nægt fjármagn sé til staðar, auka heimildir stofnanna til að afla sönnunargagna, t.d. með því að leita í tölvum, farsímum o.s.frv., þær hafi heimildir til að refsa fyrir brot gegn evrópskum reglum um auðhringi og að settar séu skýrar reglur um niðurfellingu eða lækun sekta þegar fyrirtæki koma með mikilvægar upplýsingar um ólöglega starfsemi. Tillagan felur í sér breytingar á [reglugerð ráðsins \(EB\) nr. 1/2003 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans](#). Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn þann 24. september 2004. Tillagan mun nú fara til Evrópuþingins og ráðsins í gegnum hefðbundið löggjafarferli.

Brexit

Þann 29. mars sl. virkjaði Bretland 50. gr. Lissbon-sáttmálans og hóf þar með formlega úrsögn sína úr ESB. [Hér](#) má finna nánari upplýsingar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin kynnir nýja staðla fyrir greiðsluþjónustu

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur kynnt [nýja staðla](#) um sannvottun neytenda og öruggt upplýsingakerfi (e. Regulatory Technical Standards on Strong Customer Authentication and Common and Secure Communication). Staðlarnir eru settir á grundvelli tilskipunar um greiðsluþjónustu sem [til stendur](#) að taka inn í EES samninginn og mun tryggja öruggan og opin markað smásölugreiðslna (e. retail payments) innan sambandsins. Staðlarnir voru settir í samráðsferli og fela m.a. í sér samræmingu krafna um auðkenni neytenda við þá áhættu sem fylgir greiðslu og tillögu um að hækka lágmarksupphæðir fyrir notkun PIN kóða úr 10 evrum upp í 30 evrur þegar kemur að fjargreiðsluviðskiptum (e. remote payment transactions).

Ný aðgerðaráætlun um stöðu neytenda og fjármálaþjónustu

Framkvæmdastjórn ESB hefur kynnt [nýja aðgerðaráætlun](#) um neytendavernd í fjármálaþjónustu. Um er að ræða áætlun sem hefur það að markmiði að auka gæði

starfsemi þeirra. Sjá nánar hér og hér.

Ýmsar greinar

Löggjöf ESB í bígerð er vefsíða þar sem hægt er að skoða stöðuskýrslur um tillögur sem fyrirhugað er að lagðar verði fyrir Evrópuþingið og ráðið og fylgjast með löggjafarferlinu. Má sem dæmi nefna þar nýlega skýrslu unna af rannsóknardeild Evrópuþingsins (EPRS) um útsenda starfsmenn.

Niðurstöður ráðsins um samskipti við Sviss

Árleg skýrsla Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir árið 2016. Í skýrslunni kemur fram að Eftirlitsstofnunin hóf rannsókn á 555 málum og lauk 524. Í heildina bárust stofnuninni einnig 158 kvartanir.

EFTA dómstóllinn heldur sína árlegu ráðstefnu þann 16. júní 2017, þar sem rætt verður m.a. um Brexit, framtíð Evrópu frá sjónarhorni ríkjanna í norðri osfrv. Dagskrána fyrir ráðstefnunina má finna hér.

Skýrsla frá LE Evrópu (einu af leiðandi hagkerfis- og stefnumótunar ráðgjafar-fyrirtækjum í Brussel) sem sýnir megindlega aðferð til að mæla áhrif innri markaðarins og fimm helstu hagvísa: verga landsframleiðslu (GDP), neyslu heimila, fjárfestingarviðskipti, atvinnuönguleika og framleiðni í hverju aðildarríki.

Alþjóðlegi kvennadagurinn var

vara í fjármálaþjónustu sem og val neytenda, m.a. með því að auka traust neytenda og réttindi þeirra á innri markaðnum, þvert á landamæri. Með þessu er jafnframt ætlunin að styðja við þróun nýsköpunar á rafrænum markaði. Sjá nánar [hér](#).

ESB ríki hefja umræðu um nýja löggjöf er varðar orkumál

Um þessar mundir standa yfir í ráðinu umræður orkumálaráðherra aðildarríkja ESB um átta nýjar tillögur að löggjöf ESB er varða orkumál. Er um að ræða síðasta liðinn í nýjum pakka um [ESB sem orkusamband](#) (e. EU Energy Union) sem kynntur var í nóvember 2016. Tillögurnar fela í sér breytingar á tilskipunum um orkunýtni og endurnýjanlega orkugjafa, yfirfærslu á markaðsreglum og nýtt stjórnunarkerfi (e. management system) fyrir orkusambandið.

Nýjar reglur ESB til að sporna við hryðjuverkaárásam í Evrópu

Þann 7. mars sl. samþykkti ráðið nýjar reglur sem eiga að uppfæra og bæta regluverk ESB þegar kemur að baráttunni gegn hryðjuverkum. Um er að ræða tilskipun sem mun fela í sér reglur um að öll þjálfun, aðstoð og/eða ferðalög í þeim tilgangi að fremja hryðjuverk verði fundin saknæm. Þá eiga reglurnar að styrkja við stöðu fórnarlamba hryðjuverka. Aðildarríkin hafa átján mánuði til að innleiða tilskipunina sem má finna [hér](#). Þessi gerð heyrir hvorki undir EES- né Schengen-samstarfið. Hins vegar er efni tilskipunarinnar tengt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna frá september 2014, sem Ísland er skuldbundið af. Innleiðing þeirrar ályktunar Sp er í vinnslu í innanríkisráðuneytinu. Skoðað verður hvort ástæða sé til að Ísland taki upp efni framangreindrar tilskipunar í heild eða að hluta.

EFTA/EES umsögn um Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (CEDEFOP)

Þann 7. mars sl. sendu EFTA-ríkin innan EES frá sér [umsögn](#) er varðar nýja reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um Evrópumiðstöð fyrir þróun starfsmenntunar (CEDEFOP). Í umsögninni taka EFTA-ríkin undir tillögur framkvæmdastjórnarinnar um nýja löggjöf á þessu sviði enda hafa ríkin verið virkir þátttakendur í CEDEFOP í um 20 ár og tekið þátt í ýmsum verkefnum á vegum þess, svo sem evrópsku einingakerfi fyrir starfsmenntun (e. ECVET) og evrópsku starfsmenntavegabréfi (e. Europass). Umsögnina má finna [hér](#).

EFTA/EES umsögn um fyrirhugaða löggjöf ESB er varðar CE samræmismarktar áburðarvörur

Þann 10. mars skiluðu EFTA/EES ríkin inn [umsögn](#) um breytingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Umsögnin varðar ákvæði um CE-samræmismarktar áburðarvörur (e. CE marked fertilising products). Um er að ræða mikilvægan lið í nýjum [tillögum ESB um deiliahagkerfið](#). Í umsögninni leggja EES-

haldinn þann 8. mars sl. ESB kynnti af því tilefni nýja skýrslu um hvernig löggjöf ESB og reglur miði að því að ná fram jafnrétti kynjanna innan ESB. Samkvæmt skýrslunni er árangurinn mismunandi eftir aðildarríkjum

Skýrsla unnin af Evrópuþinginu um efnahagsleg áhrif Brexit á 27 aðildarríki ESB.

Árleg skýrsla framkvæmdastjórnar ESB þar sem farið er yfir helstu viðburði, stefnumótun og verkefni ársins 2016 sem og ákvarðanir sem teknar voru það ár.

Áhugaverðir tenglar

Upplýsingar frá ESB
Vefsíða EFTA-
skrifstofunnar
Vefsíða Eftirlitsstofnunar
EFTA
Vefsíða EFTA-dómstólsins
Vefsíða sendiráðs Íslands í
Brussel
Twitter-síða sendiráðsins í
Brussel
Facebook-síða
sendiráðsins í Brussel
Ráð ESB og Ráðherraráðið
Framkvæmdastjórn ESB

Evrópuþingurinn

ríkin innan EFTA m.a. til að eftirlitsstofnanir geti beitt varúðarreglunni, gera athugasemdir um að ekki sé að finna í tillögunni hámarksgildi fyrir sink og kopar og um minnkun kadmíum gildi í jarðefnaáburði og undantekningar um slíkar aðgerðir. Að lokum telja EES-ríkin innan EFTA að fyrirhugaðar breytingar um reglur er varða merkingu áburða óþarfar. Umsögnina má finna [hér](#).

EFTA/EES umsögn um fyrirhugaðar breytingar á löggjöf ESB um BEREC

Þann 27. mars skiluðu EES-ríkin innan EFTA inn [umsögn](#) um tillögu ESB að endurskoðun regluverks um evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipa (BEREC). Í umsögninni fagna EES-ríkin innan EFTA breytingartillögum er varða aðild þriðju ríkja í BEREC. Tillagan er í samræmi við önnur ákvæði er heimila EES-ríkjunum innan EFTA þátttöku í annarri ESB löggjöf og inniheldur ákvæði er heimilar eftirlitsyfirvöldum á sviði rafrænna fjarskipta í þriðju ríkjum þátttöku í BEREC á grundvelli samnings við ESB. Tillagan er hluti af nýjum tillögum um regluverk ESB um rafræn fjarskipti (e. “Connectivity Package”). Umsögnina má finna [hér](#).